

Nd. 763. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um sjúkrasamlög.

Háttv. efri deild hefir gert þá eina breytingu á frumvarpinu að ákveðið er að landsjóðstillagið skuli vera 2 krónur í stað 1 kr. 50 aura. Með því að sumir nefndarmanna telja breytingu þessa til mikilla bóta, og aðrir í nefndinni telja nokkra sanngirni mæla með breytingunni, vill nefndin eftir atvikum ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 3. september 1915.

Sigurður Sigurðsson,
formaður.

Sveinn Björnsson,
ritari og framsögumaður.

Jóhann Eyjólfsson.

Björn Hallsson.

Benedikt Sveinsson